

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júní 2017, deiliskipulag fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi. Deiliskipulagið nær yfir Kringlumýrarbraut og nærumhverfi hennar, frá Miklubraut að frárein upp á Bústaðaveg. Í tillögunni felst m.a. að komið er fyrir forgangsléið fyrir almenningssamgöngur og að skilgreina hjóla- og gönguleið ásamt hljóðvegg meðfram lóðum við Stigahlíð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kárastígur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits austur, vegna lóðarinnar nr. 3 við Kárastíg. Í breytingunni felst niðurrif viðbyggingar og heimild til að byggja nýtt hús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogavegur 119.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. júlí 2017, breytingu á deiliskipulagi Sogavegar-Rauðagerðis vegna lóðarinnar nr. 119 við Sogaveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna byggingar stakstæðs bílskúrs á lóð og stækkunar á einbýlishúsi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lyngháls 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Lyngháls. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur 5. hæðar stækkar og útveggir og þak hækka um 1,3 metra, lyftuhús og lagnaskökt ná 2 metra upp fyrir hámarkshæð, nýtingarhlutfall ofanjarðar er hækkað, nýtt er heimild í kafla 2.7 til að auka nýtingarhlutfall vegna bílageymslna, geymslna og tæknirýma á lóðinni neðanjarðar, heimilt er að byggja skyggni á norðurhlið byggingar og bílastæðaskilmálar eru endurskoðaðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 31. júlí 2017.

Björn Axelsson.